



Borgarráð
Ráðhús Reykjavíkur

Reykjavík, 18. mars 2026
MSS22060043

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarstjórnar frá 17. mars 2026 varðandi eftirfarandi mál:

Afgreiðslubréf – Kosning í borgarráð

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarstjórnar frá 17.3.2026 varðandi eftirfarandi mál:

Samþykkt með sextán atkvæðum borgarfulltrúa Samfylkingarinnar Dóru Bjartar Guðjónsdóttur, Hjálmari Sveinssyni, Söru Björgu Sigurðardóttur, Skúla Helgasonar og Ellenar Jacqueline Calmon, borgarfulltrúa Pírata, Sósíalistaflokks Íslands, Flokks fólksins, Vinstri grænna og borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins að taka á dagskrá kosningu í borgarráð gegn tveimur atkvæðum borgarfulltrúanna Kjartans Magnússonar og Mörtu Guðjónsdóttur. Heiða Björg Hilmisdóttir borgarstjóri og borgarfulltrúar Framsóknarflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Kosin eru af SPJ lista:

Alexandra Briem
Skúli Helgason
Dóra Björt Guðjónsdóttir
Sanna Magdalena Mörtudóttir

Kosin eru af BD-lista:

Einar Þorsteinsson
Hildur Björnsdóttir
Ragnhildur Alda María Vilhjálmisdóttir

Formaður er kjörin án atkvæðagreiðslu Alexandra Briem.

Varafulltrúar eru kosnir með sama hætti.

Kosin eru af SPJ lista:

Magnús Davíð Norðdahl
Sabine Leskopf
Hjálmar Sveinsson
Andrea Helgadóttir



Reykjavík



Kosin eru af BD-lista:

Árelía Eydís Guðmundsdóttir
Friðjón Friðjónsson
Magnea Gná Jóhannsdóttir

Einnig barst listi óháðra borgarfulltrúa, Kjartans Magnússonar og Mörtu Guðjónsdóttur, en fulltrúi af þeim lista náði ekki kjöri.

Lögð er fram tilkynning Viðreisnar um að Þórdís Lóa Þórhallsdóttir verði áheyrnarfulltrúi flokksins í borgarráði og Jóhanna Dýrunn Jónsdóttir verði varaáheyrnarfulltrúi.

Lögð er fram tilkynning Flokks fólksins um að Helga Þórðardóttir verði áheyrnarfulltrúi flokksins í borgarráði og Einar Sveinbjörn Guðmundsson verði varaáheyrnarfulltrúi.

Lögð fram tilkynning Vinstri grænna um að Líf Magneudóttir verði áheyrnarfulltrúi flokksins í borgarráði og Stefán Pálsson verði varaáheyrnarfulltrúi.

Borgarfulltrúarnir Kjartan Magnússon og Marta Guðjónsdóttir leggja fram svohljóðandi bókun:

Við mótmælum málsmeðferð vegna tillagna Sjálfstæðisflokksins við endurskipun í ráð og nefndir. Tillögurnar voru fyrst kynntar eftir að yfirstandandi fundur borgarstjórnar hófst, sem gengur í berhöggi við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar. Í 10. grein samþykktarinnar er skýrlega kveðið á um að tilkynna skuli forsætisnefnd skriflega um mál, sem óskað er eftir að tekið verði á dagskrá borgarstjórnarfundar, fyrir kl. níu á föstudegi fyrir reglulegan fund. Einnig er kveðið á um það í áðurnefndri grein að þegar kosningar til ráða séu á dagskrá borgarstjórnar, skuli senda forsætisnefnd upplýsingar um nöfn þeirra, sem lagt er til að taki sæti. Þar sem formreglum var ekki fullnægt, hefði verið eðlilegt að fresta afgreiðslu tillögunnar. Komið hefur fyrir að slíkar tillögur hafa verið teknar á dagskrá borgarstjórnarfundar með afbrigðum. Í þeim tilvikum hefur verið um mannabreytingar að ræða, sem sátt hefur verið um. Ekki er um slíka sátt að ræða í þessu tilviki. Markmið tillagnanna er að útiloka tvo borgarfulltrúa frá öllu nefndastarfi á vettvangi borgarstjórnar. Þar sem starf borgarstjórnar grundvallast á slíku nefndastarfi, hafa tillögurnar víðtæk ólýðræðisleg áhrif. Vegna þess hefði einnig verið rétt að fresta afgreiðslu tillagnanna og gefa þannig borgarfulltrúum tíma til að kynna sér þær og meta áhrif þeirra.

Helga Björk Laxdal
e.u.

Afrit:
Skrifstofa borgarstjórnar



Reykjavík



Launadeild
Regluvörður
Fjármála- og áhættustýringarsvið
Kjörnir fulltrúar